# Umbótaáætlun Vopnafjarðarskóla 2016 -2017

<table>
<tr><th>Markmið</th><th>Vandi</th><th colspan="3">Leiðir</th><th>Umsjón</th><th>Tími/Staða</th></tr>
<tr><td>Betri upplýsingar</td><td>Foreldrum finnst vanta meiri upplýsingar um nám barnanna.</td><td colspan="3">Frekari upplýsingar á heimasíðuna. Ítarlegri kynningar en verið hefur á haustfundum.</td><td>Stjórnendur, kennarar.</td><td>Ágúst-sept. 2016</td></tr>
<tr><td>Námsmat<br>Gera námsmat skilvirkara og gegnsærra</td><td>Foreldrar eru ekki nógu vel upplýstir um námsmatið.</td><td colspan="3">Námsmatið sé vel kynnt fyrir foreldrum að hausti.</td><td>Kennarar</td><td>September 2016</td></tr>
<tr><td>Agamál<br>Betri agi.</td><td>Agi í ákveðnum hópum er ekki nógu góður og það er upplifun foreldra í foreldrakönnun.</td><td colspan="3">Mikilvægt er að allir kennarar vinni eftir þeim verkferlum sem fyrir eru.</td><td>Stjórnendur, kennarar.</td><td>Veturinn 2016-2017</td></tr>
<tr><td>Betri árangur í stærðfræði í 3.bekk<br>Að nemendur tileinki sér betur reikniaðgerðir.</td><td>Veikleikar komu fram í ákveðnum þáttum þegar talnalykill var lagður fyrir.</td><td colspan="3">Það eru sjö tímar á viku í stærðfræði. Það á að nota tvo tíma á viku til að þjálfa aðferðir og það sem kom ekki vel út í talnalykli. Mikilvægt að hafa próf eftir hverja þjálfunarlotu, ekki að fara í nýja lotu fyrr en nemendur hafa náð tiltekinni aðferð. Athuga þarf hvort þörf sé á sérkennslu að auki.</td><td>Stjórnendur, stærðfræði-kennari og sérkennari.</td><td>Haustönn 2016</td></tr>
<tr><td>Betri árangur í stærðfræði í 6. bekk<br>Að nemendur tileinki sé reikniaðgerðir betur.</td><td>Veikleikar komu fram í ákveðnum þáttum þegar talnalykill var lagður fyrir.</td><td colspan="3">Stærðfræðitímum var fjölgað um einn á viku og er mikilvægt að halda því áfram. Þar er unnið með þá þætti sem hver og einn þarf að þjálfa. Mikilvægt að hafa próf eftir hverja þjálfunarlotu, ekki að fara í nýja lotu fyrr en nemendur hafa náð tiltekinni aðferð. Nauðsynlegt er að þeir nemendur sem skoruðu undir 20% fái einn til tvo sérkennslutíma á viku</td><td>Stjórnendur, stærðfræði-kennari og sérkennari.</td><td>Haustönn 2016</td></tr>
<tr><td rowspan="2">Betri árangur í lestri í 3. bekk<br><br>Meiri lestrarhraði lesskilningur og stafsetning.</td><td rowspan="2">Ekki nógu góðar niðurstöður úr LOGOS skimunum.</td><td>Leshraði</td><td>Lesskilningur</td><td>Stafsetning</td><td rowspan="2">Umsjónar-kennari, íslensku-kennari, sérkennari.</td><td rowspan="2">Veturinn 2016-2017</td></tr>
<tr><td>Yndislestur daglega.<br>Paralestur.<br>Þristurinn/Fimman (lesið í eina mínútu sama textann 3sinnum/5sinnum).<br>Heimalestur daglega.</td><td>Gagnvirkur lestur í Byrjendalæsi.<br>Samræður um texta.<br>Rituð endursögn.<br>Lesskilningsverkefni.</td><td>Sóknarskrift.<br>Skrifa réttan texta.<br>Upplestur á Stafsetningaræfing-um.Ýmiskonar ritunarverkefni.<br>Gagnvirkar æfingar á vef.</td></tr>
</table>

<table>
<tr>
<td>Framhald</td>
<td>Framhald</td>
<td>Sérúrræði fyrir alvarlegri erfiðleika í 3. bekk. Sérkennsla: 4x í viku. Léttlestrarbækur, hugtakaskilning og orðaforða, með verkefnum (Fjórir í fókus), þjálfun í leshraða og lestrarnákvæmni. 4x í viku- Orðagull.<br><br>Sérúrræði í 6. bekk. Sérkennsla: Tvisvar í viku- Lesum lipurt, þjálfun í leshraða og lestrarnákvæmni. Tvisvar í viku- Lestur og vinna í íslensku (málfræði, ritun, lesskilningur, orðaforði, málnotkun).</td>
<td>Umsjónar-kennari, íslensku-kennari, sérkennari.</td>
<td>Haust-vor 2016-2017</td>
</tr>
<tr>
<td>Árangur í lestri<br><br>Betri árangur í lestri í 6. bekk</td>
<td>Ekki nógu góðar niðurstöður úr LOGOS skimunum.</td>
<td><table>
<tr><th>Leshraði</th><th>Lesskilningur</th><th>Stafsetning</th></tr>
<tr>
<td>Yndislestur daglega.<br>Paralestur.<br>Fimman.<br>Heimalestur.</td>
<td><u>Lestrarkassinn.</u><br>Nemendur svara verkefnum úr textanum.<br>Gagnvirkur lestur í samfélagsfræði og íslensku<br>Hljóðskraf</td>
<td>Sóknarskrift.<br>Skrifa réttan texta.<br>Upplestur á stafsetningaræfingum<br>Hljóðskraf</td>
</tr>
</table></td>
<td>Umsjónar-kennari, íslensku-kennari, sérkennari.</td>
<td>Veturinn 2016-2017</td>
</tr>
<tr>
<td>Árangur í lestri<br><br>Betri árangur í lestri í 9. bekk</td>
<td>Ekki nógu góðar niðurstöður úr LOGOS skimunum.</td>
<td>9. bekkur LOGOS<br>Umbætur: Nemendur sem eru með undir 15 fá sérkennslu að minnsta kosti tvisvar í viku. Unnið er markvisst með lestur í bekknum, (lestrarkassinn – mismunandi þyngdarstig) og þjálfun í stafsetningu sem nýtist öllum nemendum.</td>
<td>Umsjónar-kennari, íslensku-kennari, sérkennari</td>
<td>Veturinn 2016-2017</td>
</tr>
<tr>
<td>Einsaklingsnámskrár<br>Nemendur sem sem fylgja ekki almennri námskrá fái einstaklings-námskrá</td>
<td>Misbrestur er á gerð einstaklingsnámskráa.</td>
<td>Mikilvægt er að gera einstaklingsnámskrár fyrir nemendur sem þurfa á því að halda. Bæta verklagið í kringum gerð einstaklingsnámskráa. Að námskrárnar séu gerðar strax að hausti og þær kynntar fyrir foreldrum í kjölfarið.</td>
<td>Sérkennari, kennarar.</td>
<td>Haustönn 2016</td>
</tr>
<tr>
<td>Heimanám<br>Stefna skólans um heimanám verði skýr.</td>
<td>Lítill tími sem foreldrar aðstoða við heimanám miðað við landið í heild.</td>
<td>Bæta þarf upplýsingar til foreldra um til hvers er ætlast. Mikilvægt er að kennarar hafi samráð um heimanám.</td>
<td>Stjórnendur, kennarar</td>
<td>Upphaf skólárs</td>
</tr>
<tr>
<td>Velferð nemenda<br>Betri líðan nemenda</td>
<td>Foreldrar telja að skólinn standi sig ekki nógu vel í eineltismálum.</td>
<td>Við þurfum að grípa strax inn í ef grunur er um einelti og fylgja málum eftir. Það þarf að senda upplýsingar til foreldra um hvernig skólinn vinnur í anda Olweusar.</td>
<td>Umsjónar-kennari, námsráðgjafi í samstarfi við</td>
<td>Skólaárið 2016-2017</td>
</tr>
</table>

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | | Nauðsynlegt er að halda reglulega bekkjarfundi. Tvisvar að vetri skal taka einstaklingsviðtöl við hvern nemanda og í sumum tilfellum oftar ef þörf krefur. | aðra starfsmenn. | |
| **Starfsþróun**<br>Frekari starfsþróun kennara | Kennarar vilja meiri símenntun. | Kennarar þurfa að óska eftir meiri símenntun. Fylgjast með hvort eitthvað sé í boði á netinu. Gera meiri kröfur um fjarfundi. Stjórnendur hugi betur að þessu. | Stjórnendur og kennarar | Veturinn 2016-2017 |
| **Almennt um starfsfólk**<br>**Bætt starfsaðstaða og líðan.** | **Sumu starfsfólki finnst starfsumhverfið ekki nógu gott.** | Leggja meiri áherslu á starfsmannaviðtöl fyrir alla. Þar þarf m.a. að ræða betur um starfsumhverfið og samskipti fólks. Mætingar starfsfólks er í sumum tilfellum ábótavant. | Stjórnendur, trúnaðar-maður. | Veturinn 2016-2017 |